

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**691. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 11. apríl 2011
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

Dagskrá:

1. Aðalfundarboð Veiðifélags Víðidalsár.
2. Samstarfssamningur um framkvæmd 1. landsmóts UMFÍ 50+.
3. Ársreikningar Jarðasjóðs Vestur-Húnavatnssýslu 2009 og 2010.

Afgreiðslur:

1. Lagt fram til kynningar aðalfundarboð Veiðifélags Víðidalsár sem haldinn verður 15. apríl n.k. kl: 20:00 í Veiðihúsinu Tjarnarbrekku. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
2. Lagður fram samstarfssamningur Landsmótsnefndar UMFÍ 50+ og Húnaþings vestra um framkvæmd 1. landsmóts UMFÍ 50+ á Hvammstanga dagana 24. til 26. júní 2011. Guðmundur Haukur Sigurðsson, formaður USVH. mætir á fundinn við afgreiðslu þessa liðar. Sveitarstjóra falið að skrifa undir samninginn f.h. Húnaþings vestra.
3. Lagðir fram til kynningar ársreikningar Jarðasjóðs Vestur-Húnavatnssýslu fyrir árin 2009 og 2010.

Samþykkt að taka á dagskrá.

4. Byggðarráð samþykkir að halda almennan sveitarfund 18. apríl n.k. kl 20:30 í Félagsheimilinu Víðihlíð.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:45

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson

Elín R. Líndal

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri